

Atvinnumálanefnd lagði könnun fyrir atvinnurekendur í Dalabyggð á tímabilinu 30. nóvember 2020 til 7. janúar 2021. 13 tóku þátt í könnuninni á tímabilinu.

Textinn sem fylgdi með var eftirfarandi:

„Atvinnumálanefnd Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum 24. nóvember 2020 að hafa samband við þá sem stunda rekstur eða hafa starfsemi í Dalabyggð, þ.e. fyrirtæki, atvinnurekendur og ferðapjóna, til að kalla eftir upplýsingum um nýtingu og möguleika þeirra á aðgerðum stjórnvalda vegna heimsfaraldurs af völdum COVID-19. Nefndin vill vera upplýst um stöðuna og þá kanna hvort nefndin geti hlutast til um málin með samskiptum við stjórnvöld.

Þar sem staða fyrirtækja og atvinnurekenda er mismunandi og getur verið viðkvæm þá var ákveðið að hafa söfnun þessara upplýsinga í formi könnunar sem ekki er hægt að rekja aftur til einstakra aðila.

Þátttakendum ber engin skylda til að svara einstaka spurningum en því betri upplýsingar sem fást, þeim mun betur er hægt að vinna að því að bæta hag fyrirtækja, ferðapjóna og atvinnurekenda í Dalabyggð.

Upplýsingar sem safnast hérna saman verða aðeins notaðar í vinnu atvinnumálanefndar Dalabyggðar og verða ekki gerðar opinberar þó niðurstöður könnunarinnar geti verið almennt orðaðar í skjölum, minnisblöðum og í samskiptum við stjórnvöld og stofnanir.


Ef þið hafið athugasemdir eða ábendingar vegna könnunarinnar má hafa samband við Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur, verkefnastjóra hjá Dalabyggð á netfangið johanna@dalir.is eða í síma 845-1859“

Hér fyrir neðan má sjá niðurstöður úr könnuninni.

Spurning 1

Hefur COVID-19 haft áhrif á tekjur fyrirtækisins/rekstursins?


13 responses



Spurning 2

Hefur þú þurft að draga úr/breyta þjónustu, starfsemi eða rekstri vegna COVID-19?

12 responses




Spurning 3

Þegar þátttakendur voru spurðir um annað sem þeir hefðu þurft að draga úr/breyta í tengslum við þjónustu, starfsemi eða rekstur vegna COVID-19 minntust þeir á fækkun opnunardaga, breytta markaðssetningu, breytt þjónustuframboð og breytingar í starfsmannámálum. Breytingar kalli á kostnað sem fæst ekki til baka nema að mjög litlu leyti í tekjum ársins.

Spurning 4

Hefur þú kynnt þér aðgerðir stjórnvalda til handa fyrirtækjum vegna COVID-19?


12 responses



Spurning 5

Hvaða aðgerð(ir) til handa fyrirtækjum hefur þú helst kynnt þér með það í huga að nýta fyrir fyrirtækið eða starfsfólk?

10 responses



Spurning 6

Hefur þú nýtt þér einhverja(r) aðgerð(ir) stjórnvalda til handa fyrirtækjum vegna COVID-19?


13 responses



Spurning 7

Hvaða aðgerð(ir) til handa fyrirtækjum hefur þú nýtt fyrir fyrirtækið eða starfsfólk?


4 responses



Spurning 8

Hefur þú kynnt þér einhverja(r) aðgerð(ir) stjórnvalda til handa fyrirtækjum vegna COVID-19 sem þér myndi langa að nýta en sérð/sýnist að þú getir ekki nýtt?

13 responses



Spurning 9

Þá voru þátttakendur spurðir hvort þeir hefðu kynnt sér einhverja(r) aðgerð(ir) stjórnvalda til handa fyrirtækjum vegna COVID-19 sem þeim myndi langa að nýta en sjá að þeir geti ekki nýtt, hverjar þær voru og á hverju hefði strandað. Þar var talað um að viðspyrnustyrkir væru tengdir stöðugildum sem

gagnaðist ekki fyrirtækjum sem eru aðeins með rekstur og starfsmenn á sumrin en útgjöld allt árið. Eins að tekjufall væri ekki nægjanlegt til að falla undir gildissvið tekjufallsstyrkja. Þá var einnig minnst á að lokunarstyrkir væru tengdir veltu síðasta árs sem kæmi í veg fyrir að hægt væri að nýta þá. Eins var minnst á að námsmenn falli ekki undir skilyrði atvinnuleysisbóta. Þá strandaði einnig vegna þess að tekjufall væri ekki nægjanlegt þó að 100% fall hefði verið í ferðapjónustu vegna þess að um væri að ræða blandaðan rekstur og tekjur hefðu komið inn annars staðar frá.

Spurning 10

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir sjái fyrir sér einhverjar aðrar aðgerðir sem ekki eru til staðar í dag en gætu nýst fyrirtæki/starfsfólki og ef svo er, hverjar þær væru. Þar var minnst á styrki til markaðssetningar, meðbyr með starfsmannahaldi næsta árs, lækkun fasteignagjalda af ferðapjónustuhúsnæði og að það vantaði stuðning við einyrkja og smærri fyrirtæki.

Spurning 11

Að lokum voru þátttakendur spurðir hvort þeir vildu koma einhverju öðru á framfæri við atvinnumálanefnd Dalabyggðar. Þar var minnst á lækkun fasteignagjalda af ferðapjónustuhúsnæði, nýta ætti tímann til að efla atvinnurekendur og hvetja þá til að bæta þjónustu og styrkja starfsfólk. Skorað var á nefndina til að hvetja þar til bæra aðila til að bjóða upp á stuðning til þess. Eins var lagt til að nefndin myndi funda ásamt ferðapjónum með þingmönnum kjördæmisins.